

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi Breiðholts og Krossanesshaga, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 14. júní 2005 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts, hestúshverfis. Breytingin felst í því að efst á Miðhúsaklöppum, norðan hestúsa við Sörlagötu, kemur endurvarpsstöð fyrir farsímakerfi. Afmörkuð er 100 m<sup>2</sup> lóð og innan hennar gert ráð fyrir tækjaskýli og 16 m háu mastri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. ágúst 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að eftirtöldum breytingum á deiliskipulagi Krossanesshaga, lóð nr. 8 við Njarðarnes: Lögun byggingarreits breytist, hámarksveggghæð verður 7 m í stað 5 m, innkeyrslur á lóð verða tvær í stað einnar og bílastæðakrafa lækkar í 1 stæði á hverja 35 m<sup>2</sup>. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þessara breytinga.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 14. september 2005,*

**Pétur Bolli Jóhannesson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.